



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Tilv.: 0612002

Þriðjudagur, 16. janúar 2007
Ákvörðun nr. 1/2007

Kaup Björgunar ehf. á Sæþór ehf.

1.

Með bréfi, dags. 30. nóvember 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Björgunar ehf. á öllu hlutafé Sæþórs ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna¹. Samrunaskránni fylgdi kaupsamningur, dags. 24. september 2006, auk ýmissa annarra gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Björgunar á öllu hlutafé Sæþórs feli í sér samruna í skilningi 4. gr. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Björgun starfar við byggingu bryggju- og strandhverfa hér á landi. Fyrirtækið annast einnig landfyllingar og hefur gert íbúða- og atvinnuhverfi frá grunni, þ.e. annast landgerð, skipulag, götur og lagnir og séð um teikningu húsa. Björgun dælir jarðefnum upp af hafsbotni, m.a. til frekari vinnslu í landi. Björgun framleiðir einnig og selur efni til framkvæmda s.s. ýmsar gerðir af sandi og möl í garða, skeljasand á tún, fyllingarefni o.fl.

Björgun er dótturfyrirtæki Jarðborana hf. Tilgangur Jarðborana er m.a. að eiga og reka jarðbora og hvers kyns tæki og áhöld, sem nauðsynleg eru til að stunda jarðboranir og verktakastarfsemi. Jarðboranir eiga einnig dótturfyrirtækið Iceland Drilling UK Ltd. Starfsemi þess fer að öllu leyti fram erlendis. Björgun á byggingafélagið Hús ehf. sem m.a. er ætlað að annast byggingarekstur Björgunar, s.s. gerð fjölbýlishúsa. Auk þess á Björgun á einnig hluti í öðrum félögum sem engin áhrif hafa á markaði þessa máls. Atorka Group á 96,72% af hlutafé Jarðborana.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Verkefni Sæþórs eru einkum á sviði hafnardýpkunar en auk þess hefur fyrirtækið m.a. látið að sér kveða við hafnargerð. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess almenn verktakastarfsemi, rekstur vinnuvéla, dýpkunarstarfsemi o.fl.

3.

Í samrunaskránni kemur fram að eigandi Sæþórs hafi ákveðið að láta af störfum. Þar sem starfsemi félagsins sé á mjög sérhæfðum vettvangi hafi hann boðið aðilum með áþekka starfsemi fyrirtækið til kaups, þ.á.m. Jarðborunum. Jarðboranir hafi talið að starfsemi Sæþórs félli vel að starfsemi samstæðunnar, einkum Björgunar. Björgun hafi því keypt Sæþór og verði fyrirtækið rekið sem dótturfyrirtæki hennar. Markmið kaupanna sé fyrst og fremst að víkka út starfsemi Björgunar og auka hagkvæmni í rekstri félaganna. Af hálfu Björgunar sé áformað að reka Sæþór áfram sem sjálfstætt félag. Björgun og Sæþór muni hvorki sameinast í skilningi hlutafélagalaga né í fjárhagslegum skilningi.

Að mati samrunaaðila eru viðkomandi vörumarkaðir Björgunar eftirfarandi: Gerð landfyllinga, dæling jarðefna af hafsbotni, hafnardæling, vinnsla og sala jarðefna. Sæþór starfar á aðallega á markaðnum fyrir hafnardýpkun og í minna mæli á markaðnum fyrir hafnargerð. Samrunaaðilar áréttu að markaðurinn fyrir hafndardælingu annars vegar og hafnardýpkun hins vegar séu tveir aðskildir markaðir.

Að mati Björgunar tekur landfræðilegi markaðurinn hvað varðar vinnslu og sölu jarðefna til höfuðborgarsvæðisins, enda sé sú starfsemi þess eðlis að nálægð við kaupendur viðkomandi vöru sé skilyrði. Annars nær hinn landfræðilegi markaður til landsins alls.

Heildarvelta samstæðu Björgunar á árinu 2005 nam [...]². Heildarvelta Sæþórs á árinu 2005 nam [...]³.

Samrunaaðila telja að ekki sé um beina skörun að ræða í kjölfar samrunans á þeim mörkuðum sem félögin starfi á. Þá sé ekki um það að ræða að þeir markaðir sem annað félagið starfi á séu á fyrra eða síðara sölustigi miðað við þá markaði sem hinn aðilinn starfi á. Hvorki sé því um láréttan né lóðréttan samruna að ræða í skilningi samkeppnisréttar. Sé því um að ræða svokallaðan conglomerate samruna í skilningi samkeppnisréttar sem ekki komi til með að hafa áhrif á markaðshlutdeild fyrirtækjanna í þeim mörkuðum sem þau starfi á.

Í samrunaskránni kemur einnig fram að markaðirnir fyrir vinnslu og sölu jarðefna annars vegar og hafnargerð hins vegar eigi það sameiginlegt að á þeim starfi

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



fjöldi aðila og blómleg samkeppni ríki. Markaðirnir séu öllum opnir og ný fyrirtæki geti með tiltölulega litlum fyrirvara keppt við þá aðila sem þar starfi fyrir um tiltekin viðskipti.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða myndist eða slík staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Björgunar og Sæþórs á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

II.

Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi, 24. september 2006, eignaðist Björgun ehf. allt hlutfé í Sæþóri ehf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson